



Borgarsögusafn Reykjavíkur

Grisjunaráætlun 2017-2019

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og lögum um menningarminjar. Þá lýtur safnið samþykktum Reykjavíkurborgar og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Safnið stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar eins og segir í stefnu safnsins. Þar er einnig tekið fram að safnið skuli sýna fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu og að markviss vinnubrögð og metnaður einkenni innra starf safnsins.

Borgarsögusafn Reykjavíkur varðveitir um 30.000 lausa muni, um 6 milljónir ljósmynda og um 4000 muni sem tengjast sjósókn auk safnhúsa í Árbæjarsafni. Á fornleifaskrá eru 2500 fornleifar og 20.000 jarðfundnir gripir og í húsaskrá Reykjavíkur eru skráð um 6500 mannvirki.

Meðfylgjandi grisjunaráætlun Borgarsögusafns Reykjavíkur er mótuð og lögð fram með fagmennsku og virðingu fyrir safnkostinum að leiðarljósi.

Forsendur grisjunar

Rökstyðja verður beiðnir um grisjun á grundvelli eftirfarandi forsendna:

- Grisjun felur í sér fækkun á samskonar og/eða mjög sambærilegum gripum.
 - Hér er eingöngu átt við erlenda, fjöldaframleidda gripi eða innlenda fjöldaframleidda gripi sem **til eru í miklu magni**.
- Grisjun felur í sér fækkun á safngripum vegna skaðsemi þeirra.
 - Hér er átt við gripi sem vegna efna sem þeir innihalda eru hættulegir heilsu starfsfólks eða skemma út frá sér **og hafa takmarkað varðveislugildi**.

Ætíð skal skoða, eins og kostur er, hvað er til á öðrum söfnum.





Ákvörðun um grisjun

Við grisjun ber að fylgja samþykktri grisjunaráætlun safnsins. Sérfræðingar Borgarsögusafns geta lagt fram rökstuddar tillögur um grisjun safnkosts. Ætíð verður þess gætt að hvert tilvik, hver gripur fái faglega og ítarlega skoðun, bæði með tilliti til söfnunarstefnu og annars safnskosts. Stuðst verður við matsblað Þjóðminjasafns Íslands en þar er skráning og upphaflegar forsendur varðveislu yfirfarin. Einnig skal hafa í huga varðveislugildi, sýningargildi og sögu hvers grips sem og samhengi, tengsl og hlutverk innan viðkomandi efnisflokks.

Matsnefnd safngripa ber ábyrgð á grisjunaráætlun og framkvæmd grisjunar. Nefndin er skipuð fimm starfsmönnum Borgarsögusafns. Nefndin ber auk þess ábyrgð á söfnunarstefnu, umsýslu og varðveislu safngripa og tekur til umfjöllunar álitamál er varða aðföng í boði. Nefndin hefur því sem heild góða þekkingu á safnkosti og afmörkuðum efnisflokkum og safnheildum Borgarsögusafns.

Nefndinni ber að leita eftir ráðgjöf sérfræðinga utan safns ef sérþekkingu á viðkomandi sviði er ekki til staðar á safninu. Safnstjóri þarf að samþykkja allar beiðnir um grisjun áður en beiðni er send Þjóðminjasafni Íslands.

Ráðstöfun gripa

Þegar Þjóðminjasafn Íslands hefur samþykkt beiðni um grisjun eru safngripir fyrst boðnir öðrum söfnum nema ef ástand gripa er hættulegt heilsu manna eða umhverfi, en þá eru þeir færðir til öruggrar eyðingar. Ef grip er ekki ráðstafað til annars safns eru þeir afskráðir og boðnir fagfélögum eða haft samband við gefanda.

Ekki er heimilt að gefa einstaklingum afskráða safngripi.

Afskráðir safngripir verða ekki seldir.

Ráðstöfun tekna

Ef ráðstöfun grips leiðir af sér tekjur fyrir safnið ber að nota tekjurnar til bættrar varðveislu og forvörslu annarra safngripa; til umbúðakaupa og/eða tækjakaupa vegna forvörslu.

